

106. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Haldinn mánudaginn 24. apríl 2023, kl. 14:00 að Digranesvegi 1.

Fundinn sátu: Kristín Amy Dyer, Kristján Ingi Gunnarsson, Ólafur Björnsson, Friðrik Ómarsson, Ásgeir Haukur Guðmundsson og Teitur Erlingsson. Katrín Helga Reynisdóttir komst ekki vegna veikinda. Björn Jónsson framkvæmdastjóri sat einnig fundinn.

1. Fundur settur

Formaður setti fundinn klukkan 14:09 og stýrði honum, fundinn ritar framkvæmdastjóri.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar

Fundargerð 105. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar og samþykkt samhljóða.

3. Tillaga að breytingum að samþykktum Markaðsstofu Kópavogs

Stjórnarformaður lagði fram uppfærða útgáfu af samþykktum Markaðsstofu Kópavogs, sjá fskj. 3.1. Breytingar á samþykktum miða að því að tilgangi með rekstri sjálfseignastofnunarinnar Markaðsstofu Kópavogs, kt. 560713-1180 verði breytt þannig að nýjar/breyttar samþykktir nái yfir rekstur atvinnu- og nýsköpunarsetursins Skóp. Samþykktirnar voru teknar fyrir á 105. stjórnarfundum Markaðsstofunnar og í framhaldi voru drög að nýjum samþykktum send til allra stjórnarmanna til yfirlistar með ósk um umsögn og tillögur að breytingum.

Á fundinum var farið yfir þær athugasemdir sem borist höfðu og voru þær allar samþykktar samhljóða. Samþykktir voru lagðar fram til samþykktar í heild og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum, sjá fskj. 3.1.

4. Önnur mál

Formaður upplýsti að samið hefði verið við leigusala um tímabundna lækkun húsaleigu næstu fjóra mánuði.

Rætt var um mögulega samstarfs- og stuðningsaðila fyrir Skóp. Hugmynd kom fram um að bjóða fyrirtækjum utan höfuðborgarsvæðisins aðgang að setrinu fyrir samastað í höfuðborginni. Umræður urðu um málið. Fram kom að skilgreina þurfi vel hvað Skóp hefur að fram að bjóða.

Rætt var um húsgögn og skilrúm inn í aðstöðu Skóp. Fram kom að framkvæmdastjóri hafi fengið jákvæð viðbrögð hjá Landsbankanum um að fá gefins eða ódýr skilrúm og stóla en bankinn er að flytja í nýtt húsnæði.

Framkvæmdastjóri var falið að uppfæra rekstraráætlun fyrir tímabilið maí-desember með tilliti til raunuppgjörs fyrir tímabilið janúar-mars og kynna á næsta stjórnarfundum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.